

Miðvikudaginn 20. desember 1995.

Nr. 264/1995.

Ákærvaldið

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Jónasi James Norris

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Þjófnaður. Tilraun. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar, að því er ákærða einan varðar, af hans hálfu og ákærvalds með stefnu 28. júlí 1995. Krefst ákærði sýknu af kröfum ákærvaldsins í ákæru 21. mars 1995 og kröfum þess í 1.-8. lið A-hluta I. kafla ákæru, sem dagsett er 21. apríl 1995. Einnig krefst hann sýknu af öllum bótakröfum í málinu. Þá krefst hann lækkunar á dæmdri refsingu og að til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist.

Ákærvaldið krafðist upphaflega staðfestingar á sakfellingu ákærða og þyngingar á refsingu hans. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur og ákærði dæmdur til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Af hálfu ákærvaldsins hefur verið lýst yfir því, að unað sé við niðurstöðu héraðsdómara um sýknu ákærða af kröfum í ákæru 21. mars 1995. Dómurinn er því ekki til endurskoðunar um það atriði.

I.

Í A-hluta I. kafla ákæru, sem dagsett er 21. apríl 1995, eru ákærða gefin að sök brot, sem tilgreind eru í tíu liðum. Þar er háttsemi hans í öllum tilvikum talin varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og í 9. og 10. lið einnig við 20. gr. sömu laga.

Í héraðsdómi kemur fram, að ákærði hafi fyrir lögreglu gengist við að hafa framið öll þau brot, sem greinir í A-hluta ákæru. Við meðferð málsins fyrir dómi hafi hann hins vegar neitað sök um þau atriði, sem greinir í 1.-8. lið. Er ákærði engu að síður sakfelldur fyrir

öll þessi ákæruatriði með vísun til játningar hans fyrir lögreglu, sem fáí stoð í öðru, sem fram sé komið í málinu, eins og segir í héraðsdómi. Þar er einnig tekið fram, að skýring ákærða á afturhvarfi frá játningu sé afar ótrúverðug og ekki marktæk.

Ákærða var birt ákæran í þinghaldi 24. apríl 1995. Í næsta þinghaldi, 9. maí, neitaði hann sök, að því er varðar 1.-8. ákærulið. Áskildi sækjandi sér þá rétt til að leiða vitni við aðalmeðferð málsins, þar eð ákærði hefði afturkallað fyrri játningu að verulegu leyti. Aðalmeðferð fór fram 20. júní sl. Ekki voru þó teknar skýrslur af öðrum en ákærða sjálfum og meðákærðu í málinu.

Um þau ákæruatriði, sem tilfærð eru í 2.-5. og 7. lið, nýtur ekki við annarra sönnunargagna en skýrslna ákærða fyrir lögreglu, þar sem hann játaði þessi brot. Þær játningar voru dregnar til baka fyrir dómi, svo sem áður greinir. Í engu þessara tilvika er neitt annað fram komið, sem tengir ákærða við brotin. Lögreglumenn þeir, er tóku skýrslurnar af ákærða, hafa ekki heldur komið fyrir dóm. Með hliðsjón af ákvæðum 48. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála verður ekki talið, að sönnun hafi tekist á sakargiftum í þessum liðum ákæru. Verður ákærði því sýknaður af þeim.

Ákærði játaði fyrir lögreglu innbrot í bát í Reykjavíkurböfn, sem getur í 6. lið ákæru. Meðákærði, X, játaði einnig fyrir lögreglu að hafa tekið við þýfi úr innbrotinu frá ákærða. Hafi þeir í sameiningu afhent það ótilgreindum manni í skiptum fyrir fíkniefni. Þessa játningu dró meðákærði til baka fyrir dómi, og er ekki öðrum sönnunargögnum til að dreifa. Verður ákærði því einnig sýknaður af þessum lið ákæru.

Um bæði 1. og 8. lið ákæru nýtur við frekari sönnunargagna en þeirrar játningar ákærða fyrir lögreglu, sem dregin var til baka fyrir dómi. Þeim sönnunargögnum er lýst í héraðsdómi, að því er varðar 1. lið ákæru. Auk þess gaf ákærði fyrir lögreglu nákvæma lýsingu á aðferð sinni við þetta innbrot í húsið nr. 18 við Ránargötu, sem kemur heim og saman við ummerki á vettvangi. Teljast sakargiftir á hendur ákærða samkvæmt 1. lið ákæru sannaðar.

Í 8. lið ákæru er ákærða gefið að sök innbrot að Laugavegi 3. Á innbrotsstað fundust rispúr eftir töng, en lykilhús í hurð hafði þar verið snúið í sundur. Á öðrum innbrotsstað, þ. e. að Mýrargötu 26, sbr. 9. ákærulið (ekki í söluskála Olís, eins og segir í héraðsdómi),

fundust sams konar ummerki á hurðarlæsingu. Það innbrot hefur ákærði játað og enn fremur að hafa notað við það sérstaka plötutöng, sem hann vísaði á. Hefur rannsókn leitt til þeirrar niðurstöðu, að miklar líkur séu á því, að rispur á lykilhúsi á vettvangi innbrots að Laugavegi 3 séu eftir þessa sömu töng. Samkvæmt þessu telst sönnuð sú háttsemi ákærða, sem honum er gefin að sök í 8. lið ákæru.

Ákærði hefur játað þau innbrot, sem getur í 9. og 10. lið ákæru. Sú skýring, að hann hafi ekki farið inn í húsin til að stela, heldur í forvitnisskyni, er ekki marktæk.

Í B-hluta I. kafla ákæru 21. apríl 1995 er ákærða gefið að sök að hafa framið innbrot að Norðurstíg 3 og stolið miklum verðmætum frá kvikmyndagerð, sem þar er til húsa. Hefur ákærði játað þetta brot, sem telst sannað.

II.

Ákærði játaði þau tvö innbrot, sem honum eru gefin að sök í ákæru 20. júní 1995, og teljast þau sönnuð.

Brot ákærða eru í öllum tilvikum réttilega heimfærð til refsí-ákvæða. Þegar tekið er tillit til þeirra brota, sem ákærði er sakfelldur fyrir, sakaferils hans og annarra atriða, sem máli skipta við refsí-ákvörðun, verður refsing hans samkvæmt héraðsdómi staðfest svo og ákvæði um sakarkostnað. Verður ákærða jafnframt gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, eins og í dómsorði greinir.

Ákvæði héraðsdóms um bótakröfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf., að fjárhæð 150.000 krónur, verður staðfest, en sú krafa er vegna bóta, sem greiddar voru vegna innbrots, sem getur í 8. lið A-hluta I. kafla ákæru 21. apríl 1995. Öðrum bótakröfum verður vísað frá héraðsdómi, en þær eru ýmist vanreifaðar eða tengjast þeim liðum ákæru, sem ákærði er sýknaður af.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas James Norris, sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald í 81 dag.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og um bótakröfu Tryggingamiðstöðvarinnar hf. skulu vera óröskuð. Öðrum bótakröfum er vísað frá héraðsdómi.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 1995.

Ár 1995, mánudaginn 3. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 387/1995: Ákærvaldið gegn X, Jónasi James Norris og Y, sem tekið var til dóms 20. júní sl.

Málið er höfðað fyrir dóminum með þremur ákæruskjölum ríkissaksóknara. Með ákæruskjali, dagsettu 21. mars sl., er höfðað mál á hendur ákærðu, X, fæddum 1958, Jónasi James Norris, Bárugötu 22, fæddum 23. júlí 1962, fæðingarnúmer 554, og M, öllum til heimilis í Reykjavík. Í ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 9. nóvember 1994 brotist í félagi inn í veitingahúsið Duushús, Aðalstræti 4 B, Reykjavík, og stolið sex léttvinsflöskum og einni bjórflösku. Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Pá er höfðað mál með ákæruskjali, dagsettu 21. apríl sl., á hendur ákærðu, X, Jónasi James og Y. Í þessari ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærðu „fyrir eftirgreind auðgunarbrot, framin í Reykjavík árið 1995, nema annars sé getið:

I. Þjófnaður.

A. Ákærða Jónasi James er gefið að sök:

1. að hafa aðfaranótt mánudagsins 9. janúar brotist inn í hús Skógræktarfélags Íslands við Ránargötu 18 og stolið sjónvarpi, myndbandstæki, þremur silfurbréfnífum, ritvél, símsvara og tveimur silfurkertastjökum,

2. í byrjun febrúar brotist inn í kjallarageymslu í húsinu nr. 47 við Grandaveg og stolið rafmagnsskrúfjární ásamt fylgihlutum,

3. í síðari hluta febrúar brotist inn í kjallarageymslu í fjölbýlishúsinu nr. 47 við Grandaveg og stolið 18 golfkylfum í leðurpoka, að verðmæti 70.000 kr.,

4. í síðari hluta febrúar brotist inn í bifreiðageymslu hússins nr. 47 við Grandaveg og stolið 14 golfkylfum í poka, samtals að verðmæti 40.000 kr., úr bifreiðinni R-8093,

5. aðfaranótt föstudagsins 24. febrúar rofið gat á vegg söluskála Olís hf. við Ánanaust og stolið úr skálanum 13 vindlingalengjum,

6. í lok febrúar brotist inn í mb. Bláskel, RE-145, við Bótarbryggju í

Reykjavíkurhöfn og stolið úr honum staðsetningartæki af gerðinni Trimble/Navigation ásamt myndlykli og loftneti, samtals að verðmæti 532.429 kr., útvarps- og segulbandstæki og tveimur hátölurum,

7. í byrjun mars brotist inn í mb. Jón Pétur, RE-411, í bátahöfninni við Grandagarð og stolið úr honum staðsetningartæki af gerðinni Kodex KGP-910, að verðmæti 108.000 kr., og loftneti,

8. aðfaranótt laugardagsins 4. mars brotist inn í skrifstofur á 2. hæð hússins nr. 3 við Laugaveg og stolið myndavél, þremur lausum ljósmyndalinsum, leifturljósi og öðrum ljósmyndavörum, svo sem tveimur ljóssúm, þremur linsuhlífum, ljósbrotsríst og tveimur ljósmyndafílum,

9. aðfaranótt mánudagsins 13. mars brotist heimildarlaust og í þjófnaðarskyni inn í vélaverkstæðið Vélaviðgerðir hf., Mýrargötu 26, og leitað þar að fjármunum,

10. aðfaranótt sunnudagsins 19. mars brotist heimildarlaust og í þjófnaðarskyni inn í sameign og bifreiðageymslu fjölbýlishússins nr. 7 við Boðagrandu, en komið var að ákærða á vettvangi.

B. Ákærðu X og Jónasi James er gefið að sök að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 21. mars brotist í félagi inn í húsnæði fyrirtækjanna kvikmyndafélagsins Garps- og Kam-kvikmynda, Norðurstíg 3, og stolið eftirgreindum hlutum:

frá Kam-kvikmyndum: tölvu af gerðinni Tulip 368 ásamt straumbreyti, tölvuprentara, kvikmyndavél af gerðinni Minolta Sound 84, taltæki, tölvumús og 91 forrituðum disklingi, samtals að verðmæti um 108.000 kr,

frá kvikmyndafélaginu Garpi: kvikmyndavél af gerðinni Ampex CVC7, breiðlinsu af gerðinni Canon 8x6, upptökubandi af gerðinni Sony BVW5, þrífæti, símsvara, geislaspilara, myndbandstæki, símsendi, 2 símtækjum, skeiðklukku, heyrnartólum, hljóðnema, 2 töskum og örgjafa, skjákorti, myndþjöppukorti og hljóðkorti úr tölvu af gerðinni EMCZ, samtals að verðmæti 2.800.000 kr.

Telst háttsemin samkvæmt I. kafla ákæru varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og háttsemi ákærða Jónasar James samkvæmt ákæruliðum I. A. 9 og 10, jafnframt sbr. 20. gr. sömu laga.

II. Hylming.

— — —

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta. Bótakröfur varða ákærða Jónas James.

Árni Björnsson, kt. 310121-3639, 3.000 kr.,

Sveinbjörn Haraldsson, kt. 070859-2709, 6.000 kr.,

Einar Ármannsson, kt. 281235-4869, 7.754 kr. ásamt vöxtum frá 24. mars 1995,

Tryggingamiðstöðin hf., Aðalstræti 6–8, Reykjavík, 150.000 kr.“

Loks er höfðað mál á hendur ákærða Jónasi James með ákæruskjali, dagsettu 20. júní sl. Í þessari ákæru segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir eftirgreinda þjófnaði, framda í Reykjavík aðfaranótt fimmtudags 25. maí 1995:

1. fyrir að brjótast inn í geymslu í húsinu nr. 1 a við Klapparstíg og stela 200 kapalbindingum, 50 draghnoðum, 50 kapalspennum, 70 járnskrúfum og 70 múrtöppum, samtals að verðmæti 9.658 kr.,

2. brjótast inn í húsið nr. 60 b við Njálsgötu og stela glerskera, kíttis-sprautu og snittolíu, samtals að verðmæti 5.151 kr.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar“.

Ákæran frá 21. apríl hefur málanúmerið S-469/1995 og ákæran frá 20. júní málanúmerið S-666/1995. Verða þær báðar dæmdar ásamt ákærunni frá 21. mars sem sakamál nr. 387/1995.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins 20. þ. m. var af ákæruvaldsins hálfu fallið frá ákæru á hendur ákærða M með tilvísun til þess, að hann hefði í maí sl. verið dæmdur í tveggja ára fangelsi, og með hliðsjón af d-lið 113. gr. laga nr. 19/1991. Var málið því lýst niður fallið gegn ákærða M með hliðsjón af b-lið 132. gr. laga nr. 19/1991.

— — —

Ákæra, dagsett 21. mars 1995.

Ákæra, dagsett 21. apríl 1995.

1. Þjófnaður.

A.

1. Mánudaginn 9. janúar sl. kl. 8.47 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrot í húsnæði Skógræktarfélags Íslands að Ránargötu 18 í Reykjavík og að þaðan hefði verið stolið m. a. sjónvarpi, myndbandstæki, þremur silfurbréfnífum, ritvél, símsvara og tveimur silfurkertastjökum. Þá hefðu fleiri hlutir horfið, m. a. sorptunna við húsið. Sá, sem tilkynnti innbrotið, tilkynnti síðar um morguninn, að hann hefði rakið hjólför í nýföllnum snjó fyrir framan kjallaradyr á norðurhlið hússins, hugsanlega eftir sorptunnuna, og rakti hann hjólförin að heimili ákærða Jónasar James að Bárugötu 22. Rannsóknarlögreglumenn komu á staðinn, og var ákærði Jónas James þá að vinna með skóflu fyrir utan bílskúr á lóðinni. Sá, sem tilkynnt hafði um förin, sagði ákærða vera þann, sem hefði verið að afmá förin í snjónum, en að mati rannsóknarlögreglumannanna virtust hafa verið afmáð för eftir

sorptunnu og bifreið. Skammt frá vettvangi var nágranni ákærða, og kvaðst hann hafa séð bláa „kantaða“ sendibifreið með gamlar númeraplötur bakka inn í innkeyrsluna kl. 6.27 um morguninn, og var einn maður undir stýri og tveir í innkeyrslunni. Virtust mennirnir vera að bera eitthvað í eða úr bifreiðinni. Ekki sá maðurinn, hvort ákærði var einn mannanna. Annar nágranni ákærða hafði séð ákærða ásamt tveimur lægri mönnum í innkeyrslunni við dökka bifreið um morguninn. Ekkert þýfi fannst á heimili ákærða við húsleit, og í fyrstu yfirheyrslu síðar sama dag hjá rannsóknarlögreglu neitaði ákærði sakargiftum. Hann var aftur yfirheyrður um þetta af rannsóknarlögreglu 4. apríl sl. og viðurkenndi þá afdráttarlaust þetta innbrot og lýsti aðferð sinni við það nákvæmlega og kvaðst hafa verið undir áhrifum amfetamíns. Kvaðst ákærði hafa flutt þýfið á brott í sorptunnu, sem hann hefði ýtt á undan sér heim til sín, en þangað hefði kunningi sinn komið og flutt þýfið á brott í bifreið. Þýfið kvaðst ákærði hafa selt fyrir 6 grömm af amfetamíni. Ekki vildi ákærði upplýsa, hver hefði fengið þýfið, vegna ótta við hefndaraðgerðir úr fíkniefnaheiminum.

2. Mánudaginn 3. apríl sl. kl. 14.57 tilkynnti Árni Björnsson, Grandavegi 47 í Reykjavík, til lögreglu, að farið hefði verið inn í geymslu sína í húsinu með lykli, sem hefði hangið að innanverðu í geymslunni og var seilingarfjarlægð utan frá, en ekkert var skemmt. Hefði þetta gerst 2.–7. febrúar. Stolið hefði verið úr geymslunni gráu plastraflöðuskrúfjárninu með tveimur spennum á jaðri ásamt fylgihlutum, allt að verðmæti um 3.000 krónur.

Ákærði Jónas James viðurkenndi framangreint innbrot hjá rannsóknarlögreglu í yfirheyrslu 10. apríl sl. Kvaðst ákærði hafa verið einn á ferð, og hefði hann farið inn í húsið með þeim hætti, að hann hefði rennt plastspjaldi á milli stafs og hurðar. Inn í geymsluna komst ákærði með því að ná lykli, sem hékk inni í geymslunni og auðvelt var að ná utan frá. Viðurkenndi ákærði að hafa stolið skruvírninu, og hefði hann selt það fyrir ½ gramm af amfetamíni, sem hann hefði notað sjálfur. Ekki vildi ákærði upplýsa, hver hefði látið hann fá fíkniefnin. Innbrot þetta kvaðst ákærði hafa framið nokkru eftir, að hann stal golfsetti úr geymslu í sama húsi, sbr. næsta lið þessa kafla ákæru.

3. Sunnudaginn 26. febrúar sl. kl. 15.54 var tilkynnt á lögreglustöðina á Seltjarnarnesi, að saknað væri úr geymslu í húsinu nr. 47 við Grandaveg í Reykjavík vandaðs golfsetts, hreindýrsskinns, gamallar kaffikvarnar og lítils ferðaútarps. Hafði verið farið inn í geymsluna með því að opna að innanverðu smekklás, sem auðvelt var að teygja sig í. Kona í húsinu hafði séð um kl. 5 að morgni 21. eða 22. febrúar tvo menn á milli 20 og 30 ára koma hlaupandi að bifreiðinni Í-4543, sem í sat ökumaður, og var annar

mannanna hár og slánalegur. Þá kom að bifreiðinni kvenmaður og fór í hana ásamt mönnunum tveimur. Annar mannanna hafði verið með ílangan poka og hinn með nokkra hluti, en þetta var sett í farangursgeymslu bifreiðarinnar.

Ákærði Jónas James viðurkenndi framangreint innbrot í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 29. mars sl. Hann kannaðist hins vegar ekki við að hafa stolið öðru en 18 golfkylfum í vínrauðum poka. Hann kvaðst hafa komist inn í húsið með því að stinga hníf í læsinguna og þvinga hurðina þannig upp. Inn í geysluna komst ákærði með því að teygja sig yfir skilrúm, sem aðskilur geyslurnar í húsinu, og þannig hafi hann opnað geysluna. Ákærði kvaðst hafa skilið geysluna eftir opna, og hefði því einhver annar hæglega getað tekið eitthvað fleira úr henni. Ákærði nafngreindi þann, sem hefði fengið kylfurnar, en ekki er upplýst í málinu, hvað hann gerði við þær.

4. Fimmtudaginn 23. febrúar kl. 10.32 var lögreglu tilkynnt um innbrot í bifreiðageymslu að Grandavegi 47 í Reykjavík, en þar hafði verið farið inn með þeim hætti, að tréhleri að stærð 60 × 90 cm hafði verið spenntur upp og hengilás og lamir rifnar frá gluggakarmi. Úr aftursæti bifreiðarinnar R-8093 höfðu horfið golfsett í bláum poka úr strigaefni með rennilás, en í pokanum höfðu verið 14 golfkylfur, 11 járnkylfur, 3 trékylfur, vindheldar dökkbláar buxur úr goretex-efni, boltar, handklæði, skírteini og gögn og stöng til þess að ná bolta úr vatni. Var verðmæti kylfusettsins áætlað 40.000 krónur, buxanna um 7.000 krónur og pokans um golfsettið 8.000 krónur, samtals 55.000 krónur.

Ákærði viðurkenndi hjá rannsóknarlögreglu 29. mars sl., að hann hefði verið þarna að verki. Kvaðst ákærði hafa spennt upp hengilás á tréhlera, og síðan hefði hann spennt hann frá með skrúfjárn, en með þessu hefði hann náð að opna sér leið inn í bílageysluna, þar sem hann hefði farið inn í ólæsta bifreið og tekið úr aftursæti hennar bláan taupoka, sem geymdi golfsett af gerðinni Schlesingar, en í pokanum voru einnig golfkúlur o. fl. Ákærði kvaðst hafa látið golfsettið í skiptum fyrir fíkniefni, en ekki vildi ákærði segja frá því, hver fékk settið, af ótta við hefndir af hálfu þeirra, sem hann fékk fíkniefnin hjá.

5. Föstudaginn 24. febrúar sl. kl. 7.26 var tilkynnt um innbrot í bensínstöð Olís við Ánanaust í Reykjavík. Atvik þetta hefði orðið eftir klukkan 20 kvöldið áður, en um það leyti fóru starfsmenn af staðnum. Farið hafði verið inn á stöðina með því að rjúfa gat á vegg hennar. Yst var bárujárnsklæðning, sem búið var að klippa í sundur. Þar fyrir innan voru tvær spóna-plötur með einangrunarplasti á milli og búið að höggva 20 × 30 cm gat í

gegnum það. Eftir að gatið var komið, hafði sá, sem að þessu stóð, teygst sig inn um það og stolið 12–13 lengjum af vindlingum úr hillu, sem fallið hafði á gólfíð. Var verðmæti þýfisins talið um 30.000 krónur.

Ákærði viðurkenndi í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 29. mars sl., að hann hefði verið þarna að verki, og lýsti aðferð sinni við innbrotið, en hann hefði verið um tvo tíma að gera gat á húsið. Kvaðst ákærði ekki hafa farið inn, heldur teygst sig inn um gatið og þannig náð vindlingunum. Ákærði kvaðst hafa stolið 13–14 lengjum af vindlingum, sem hann hefði reykt sjálfur, gefið eða selt.

6. Mánudaginn 27. febrúar sl. kl. 19.45 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrot í bátinn Bláskel, RE-145, sem lá við Bótarbyggju. Samkvæmt upplýsingum eigandans hafði verið stolið úr bátnum GPS-staðsetningartæki ásamt myndlykli og loftneti. Einnig hefði verið stolið úr bátnum útvarps- og segulbandstæki ásamt hátölurum. Við innbrotið höfðu hurð og gluggi verið skemmd og loftnetssnúður klipptar í sundur. Samkvæmt upplýsingum eiganda bátsins hafði hann ekki verið athugaður í um 10 daga. Verðmæti staðsetningartækisins ásamt myndlykli og loftneti var talið 532.429 krónur, en ekki var vitað um verðmæti hinna hlutanna.

Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 29. mars sl. viðurkenndi ákærði Jónas James, að hann hefði farið um borð í bát, sem hefði legið við smábátahöfnina fyrir neðan hús Slysavarnafélags Íslands, en ekki mundi ákærði nafn bátsins. Kvaðst ákærði hafa verið á ferð með ákærða X, og hefðu þeir brotið glugga á stýrishúsi bátsins og náð að teygja sig inn til þess að opna dyrnar á stýrishúsinu. Sagði ákærði, að þeir hefðu tekið GPS-staðsetningartæki, sem hefði verið í stýrishúsinu, en því hefði fylgt annað tæki, ljósblár plastkassi. Þá kvað ákærði þá hafa tekið útvarps- og segulbandstæki af tegundinni Pioneer og tvo hátalara. Loks hefði ákærði X farið upp á þak stýrishússins og tekið þaðan loftnet sömu tegundar, og hefði ákærði X klippt í sundur loftnetssnúru. Kvaðst ákærði Jónas James hafa vitað, að staðsetningartækið væri ónothæft, ef loftnetið fylgdi ekki með. Ákærði Jónas James kvað þá ákærða X hafa selt staðsetningartækið og loftnetið og fengið fyrir það fíkniefni, en ekki vildi ákærði Jónas James segja frá því, hver hefði fengið hlutina, af ótta við hefndaraðgerðir. Ákvörðun um innbrotið var tekin á staðnum og í því skyni að fjármagna fíkniefnakaup, en fyrir tækin fengu þeir um þrjú „slög“, að verðmæti um 15.000 krónur.

Ákærði X neitaði því hjá rannsóknarlögreglu að hafa staðið að innbrotinu í bátinn, en kannaðist við að hafa tekið við staðsetningartækjunum og að þeir hefðu farið í sameiningu og selt tækin fyrir fíkniefni, en ekki vildi ákærði X upplýsa af ótta við hefndaraðgerðir, hver seldi þeim þau og fékk

tækin. Þá kvaðst ákærði X ekki hafa tekið við Pioneer-tækjunum eða hátölurunum. Kvaðst ákærði hafa vitað, að staðsetningartækið var illa fengið, en ekki, hvaðan því hefði verið stolið.

7. Laugardaginn 5. mars 1994 kl. 10.39 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrot í mb. Jón Pétur, RE-411, í smábátahöfninni við Grandagarð, en hurð á stýrishúsi hafði verið sparkað upp og rúða brotin í henni. Í ljós kom, að búið var að stela úr bátnum staðsetningartæki af gerðinni Kodan KGP 910, að verðmæti 108.000 krónur, og loftneti.

Ákærði viðurkenndi í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 29. mars sl., að hann hefði farið um borð í bát, sem hefði legið í smábátahöfninni fyrir neðan Grandakaffi, og sprengt plexigler í hurð á stýrishúsi. Ekki mundi ákærði nafn bátsins, en ákærði skreið inn um gatið á hurðinni. Í stýrishúsinu tók ákærði GPS-staðsetningartæki af gerðinni Kodan 910, og á þaki stýrishússins tók ákærði loftnet og kúpul úr trefjaplasti af tegundinni Kodan. Ákærði seldi síðan hlutina fyrir fíkniefni og fékk tvö „slög“ (2 grömm) af fíkniefnum fyrir þá. Ákærði vildi ekki gefa upp nafn þess, sem fékk hlutina, af ótta við hefndaraðgerðir.

8. Laugardaginn 4. mars sl. kl. 14.27 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrotsþjófnað að Laugavegi 3. Þar hefði verið brotist inn í Norrænu ferðaskrifstofuna á 2. hæð hússins. Var búið að rífa lykilstykkið úr hurð og opna dyr þannig inn á ferðaskrifstofuna. Var búið að róta í flestum skúffum og leita í húsnaðinu. Þá hafði lykilstykki verið rífið úr læsingu á millihurð á skrifstofunni og reynt að komast á milli skrifstofa. Kl. 18.15 hafði samband við lögregluna Sigurjón Valdimarsson, sem var með skrifstofu við hlið ferðaskrifstofunnar. Hafði einnig verið brotist inn á skrifstofu hans og þar rótað talsvert. Saknaði Sigurjón brúnnar myndavéartösku með Canon EA-myndavél með mótör, þremur linsum, leifturljósi og öðrum búnaði tengdum myndavélinni. Síðar gaf Sigurjón upp nákvæmar, hvað hefði verið í töskunni, og er það flest talið upp í ákæru.

Ákærði Jónas James var yfirheyrður 13. mars sl. vegna þessa innbrots, og neitaði hann þá sakargiftum, þótt honum væri bent á, að við rannsókn hefði komið í ljós, að miklar líkur væru á, að plötutöng, sem hefði fundist við rannsókn á innbrotinu í söluskála Olís, hefði verið notuð í innbrotinu að Laugavegi 3. Höfðu komið fram einkenni eftir sömu rispur frá tönginni og á lykilhúsinu, sem snúið hafði verið sundur að Laugavegi 3. Enn var ákærði yfirheyrður 29. mars sl., og vildi hann þá breyta fyrri framburði sínum, og kvaðst játa afdráttarlaust, að hann hefði framið þetta innbrot og notað við það sömu töng og við innbrotið í söluskálann. Kannaðist ákærði við að hafa stolið myndavéartöskunni með því, sem í henni var. Myndavélina kvaðst

hann hafa selt fyrir 3 „slög“ af amfetamíni, en ekki vildi ákærði segja, hver fíkniefnasalinn væri, og óttaðist hann grimmilegar hefndir, ef hann gerði það.

9. Mánudaginn 13. mars sl. kl. 8.17 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um innbrot í fyrirtækið Vélaviðgerðir hf. að Mýrargötu 26, en farið hafði verið inn um dyr að verkstæði, göngudyr, með því að snúa lykilstykkið úr hurðarlæsingu. Ekki var talið, að neinu hefði verið stolið eða um aðrar skemmdir að ræða. Sömu aðferð virtist hafa verið beitt við þetta innbrot og í söluskála Olís í næsta nágrenni, en ákærði Jónas James hafði verið handtekinn fyrr um morguninn vegna grunar um það innbrot.

Ákærði var yfirheyrður um þetta innbrot síðar þennan dag og viðurkenndi afdráttarlaust að hafa brotist þarna inn, og hefði það verið meira af forvitni en hann hafi ætlað að stela verðmætum. Kvaðst ákærði hafa verið með svarta tösku við innbrotið, og í henni hefði verið töng og lítill borvél. Kvaðst hann hafa falið töskuna með verkfærunum á bak við hús við Nýlendugötu, og þar fann lögreglan töskuna.

10. Sunnudaginn 19. mars sl. kl. 4.41 voru lögreglumenn kvaddir að Boðagranda 7 í Reykjavík vegna innbrots í bifreiðageymslu. Skömmu síðar var tilkynnt, að lögreglumaður, sem býr í húsinu og var að koma af vakt, hefði handtekið mann á staðnum, og var hann með hann í handjárnnum, þegar aðra lögreglumenn bar að. Þegar lögreglumaðurinn handtók manninn, sem var ákærði Jónas James, var hann búinn að brjótast inn um dyr úr sameign og inn í geymsluna. Engar skemmdir höfðu verið unnar í geymslunni, og viðurkenndi ákærði á vettvangi, að hann hefði brotist inn, og hefði hann verið að prófa nýja tækni með skiptilykli, sem hann hefði lært nýlega.

Ákærði viðurkenndi framangreint innbrot í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu síðar þennan dag, og hefði hann ekkert sérstakt haft í huga með því, en verið að prófa þessa aðferð við innbrot. Hefði hann ekki farið í neina bíla þarna inni og ekki stolið neinu.

Við meðferð málsins neitar ákærði Jónas James að hafa framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í liðum 1–8 í þessum kafla ákæru, en kannast við að hafa farið heimildarlaust inn á þá staði, sem tilgreindir eru í 9.–10. lið þessa kafla ákæru, en það hafi hann ekki gert í þjófnaðarskyni, heldur af forvitni. Kveðst ákærði hafa játað brotin í þessum kafla ákæru til þess að komast í lausagæslu úr einangrun.

Þrátt fyrir þá neitun ákærða við meðferð málsins, að hann hafi framið þau brot, sem honum eru gefin að sök í 1.–8. lið þessa kafla ákæru, er sann- að með játningu ákærða hjá lögreglu, er fær stoð í öðru, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, að ákærði hefur framið þessi brot, og er skýr-

ing hans á afturhvarfi frá játningu við meðferð málsins afar ótrúverðug og ekki marktæk. Þá verður ekki heldur fallist á það, að för ákærða í innbrotin samkvæmt liðum 9–10 hafi verið gerð af forvitni, og fellst dómurinn á það með ákærvaldinu, að þessi innbrot hafi verið framin í þjófnadarskyni. Eru öll brotin tíu í þessum kafla þessarar ákæru rétt færð til refsíákvæða.

B.

Með skýlausum játningum ákærðu X og Jónasar James, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að þeir hafa framið innbrotspjófnad þann, sem þeim er gefinn að sök í þessum kafla ákæru og þar er rétt færður til refsíákvæðis. Hins vegar þykir ekki fært að meta verðmæti þýfisins, sem tilgreint er í ákærunni, en það skiptir ekki máli um sök ákærðu.

II. Hylming.

— — —

Ákæra, dagsett 20. júní 1995.

Með skýlausum játningum ákærða Jónasar James, sem eru í samræmi við annað, sem fram er komið í málinu, er sannað, að hann hefur framið þau tvö innbrot, sem um ræðir í þessari ákæru og eru þar réttilega talin varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Sakaferill ákærðu.

— — —

Ákærði Jónas James hefur frá árinu 1978 hlotið samtals 19 dóma fyrir skjalafals, þjófnad, eignaspjöll og nytjastuld, og nemur samanlögð óskil-orðsbundin refsivist hans nú samtals sex árum. Auk þessa hefur ákærði tvegis sæst á sektargreiðslur fyrir áfengislagabrot. Síðast hlaut ákærði dóm 1. apríl 1992. Var það fyrir skjalafals og ákærða ekki gerð refsing, þar sem um hegningarauka var að ræða.

— — —

Refsingar.

Ákærða X verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir bera að draga frá refsingunni setu ákærða í gæsluvarðhaldi frá 22. mars sl. kl. 18 til 10. maí sl. kl. 16, samtals 49 daga.

Ákærða Jónasi James verður ákvörðuð refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir hún hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir bera að draga frá refsingunni setu ákærða í gæsluvarðhaldi frá 22. mars sl. kl. 16.38 til 3. maí sl. kl. 16 og aftur frá 25. maí sl. kl. 19 til dómsuppsögu í máli þessu, samtals 81 dag.

Refsing ákærða Y þykir hæfilega ákveðin 50.000 kr. sekt, sem greiðist innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en ella sæti ákærði varðhaldi í tíu daga.

Skaðabótakröfur.

Í málinu eru einungis hafðar uppi bótakröfur á hendur ákærða Jónasi James, og eru þær allar vegna brota, sem honum eru gefin að sök í ákærðunni frá 21. apríl sl. Þar sem ákærði er sakfelldur fyrir öll þau brot, sem bótakröfurnar lúta að, ber ákærði einnig bótaskyldu þeirra vegna, en hann hefur mótmælt öllum bótakröfum. Þar sem dómurinn telur öllum bótakröfunum fjórum í hóf stillt, ber að dæma ákærða til þess að greiða þær allar, eins og nánar greinir í dómsorði.

— — —

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 49 daga gæsluvarðhald.

Ákærði Jónas James Norris sæti fangelsi í 15 mánuði. Til frádráttar refsingunni komi 81 dags gæsluvarðhald.

Ákærði Y greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins að telja, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði Jónas James greiði í skaðabætur:

Árna Björnssyni, kt. 310121-3639, 3.000 krónur,

Sveinbirni Haraldssyni, kt. 070859-2709, 6.000 krónur,

Einari Ármannssyni, kt. 281235-4869, 7.754 krónur ásamt almennum vöxtum frá 24. mars 1995 til greiðsludags og

Tryggingamiðstöðinni hf., Aðalstræti 6–8 í Reykjavík, 150.000 krónur.

Ákærði X greiði skipuðum verjanda sínum, Kristjáni Stefánssyni hestaréttarlögmanni, 180.000 krónur í réttargæslu- og málsvarnarlaun.

Ákærði Jónas James greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Aðalsteinssyni hestaréttarlögmanni, 60.000 krónur í málsvarnarlaun.

Ákærði Y greiði skipuðum verjanda sínum, Páli A. Pálssyni hestaréttarlögmanni, 35.000 krónur í málsvarnarlaun.

Annan sakarkostnað greiði ákærði Jónas James að $2/3$ hlutum, ákærði X að $1/6$ hluta og ákærði Y að $1/6$ hluta, þar með taldar 60.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs.
